

## GJALDSKRÁ

### fyrir vottun til meðhöndlunar og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings og útgáfu heilbrigðisvottorða.

#### 1. gr.

Skylt er að sækja um vottun til að hita viðarumbúðir s.s. vörubretti og trékassa eða trjávið í slíkar umbúðir, eða til framleiðslu á viðarumbúðum úr forhituðum viði og sem nota á við útflutning á ýmsum vörum sbr. reglugerð landbúnararráðuneytisins, nr. 343/2004, um viðarumbúðir við útflutning á vörum ásamt breytingu með reglugerð nr. 264/2005.

Fyrirtæki sem óska eftir að hljóta vottun til hitunar á viði eða viðarumbúðum eða framleiðslu umbúða úr forhituðum viði, skulu sækja um það til plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands.

#### 2. gr.

Fyrir fyrstu vottun á meðhöndlun og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings, skulu greiðast kr. 25.000 til plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands.

#### 3. gr.

Fyrir hvert heilbrigðisvottorð sem plöntueftirlitið gefur út vegna útflutnings á plöntum og plöntuafurðum frá Íslandi, m.a. með viðarumbúðum, skulu greiðast kr. 3.500.

Plöntueftirlitið getur gefið afslátt af verðinu, séu fleiri vottorð gefin út samtímis með svipuðum upplýsingum.

#### 4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu skv. gjaldskrá þessari.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. apríl 2005.*

F. h. r.

**Níels Árni Lund.**

*Atli Már Ingólfsson.*